

Lestrarfélag Hríseyjar/Hríseyjarhrepps

Afhending 2010/82

Lestrarfélag Hríseyjar var stofnað skömmu eftir aldamótin 1900. Elsta bók sem Héraðsskjalasafninu hefur borist frá félaginu byrjar 1912 og inniheldur ársreikninga félagsins, miðaða við þá voru um 20-30 manns í félaginu á þeim tíma.

Árið 1938/39 var sett á laggirnar nefnd til að endurreisa félagið eftir að það hafði legið í dvala. Átti að flytja bókafélagið í húsnæði barnaskólans í Hrísey. Einnig átti að hreinsa og laga bækur félagsins, ekkert varð úr því og var talað um að brenna bækurnar. Ástæðan var sú að árið 1936 hafði geysað taugaveiki í þorpinu, bækurnar komist í hendur sjúklinga og óttaðist fólk smit. Árið 1940 voru bækurnar seldar til Akureyrar.

Þann 17. nóvember 1942 var lestrarfélagið stofnað upp á nýtt, var Júlíus Oddsson útgerðarmaður kosinn formaður. Samkvæmt 2. grein laga félagsins var tilgangur þess að „[...] sjá hreppsúum fyrir nægum og góðum bókum til lesturs yfir vetrarmánuðina, til skemmtunar og fróðleiks.“ Fyrsta árið var félagsgjaldið 10 krónur. Í upphafi voru meðlimir 65, ári seinna hafði þeim fækkað um helming og var árgjaldið hækkað í 20 krónur á mann.

1943 gekkst Lestrarfélagið fyrir fjársöfnun innan eyjarinnar. Fyrir það fé, framlag frá hreppnum og styrk frá því opinbera, voru keyptar bækur. Árið 1943 var safnið orðið 140 titlar. Árið 1946 lést Júlíus Oddsson, 47 ára að aldri. Var starfsemi félagsins í hálfgerðum lamasessi eftir það, miðað við fundargerðarbók félagsins þá voru engir fundir haldnir frá 1944-1971.

Einnig var bókasafn félagsins löngum í húsnæðisvandræðum. Fundargerð félagsins árið 1976 bókar að hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hafi verið „[...] skrifað bréf þar sem farið er fram á það að aðstaða bókasafnsins verði bætt.“ Aðstaðan var eitt herbergi í barnaskólanum sem var orðið alltof lítið undir safnið, var það farið að flæða um ganga skólans.

Árið 1990 var félagið enn starfandi og voru bækur þess geymdar í barnaskólanum í Hrísey. Óljóst er hvernig, hvenær og/eða hvort Lestrarfélagið var lagt niður eða það lognaðist út af með tíð og tíma.

Eftir sameiningu Hríseyjar og Akureyrar árið 2004 heyrir bókasafn Hríseyjar nú undir Amtsbókasafni á Akureyri. Í dag er bókasafnið staðsett í Hríseyjarskóla.

Afhending þessi barst með öðrum skjölum sem skjalaverðir Héraðsskjalasafnsins náðu í út í Hrísey á vormánuðum 2022. Aðrar afhendingar frá lestrarfélagi Hríseyjar/Hríseyjarhrepps eru 799, 2015/6 og 2022/11.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
20. febrúar 2023

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2010 / 82

A-Lestrarfélag Hríseyjarhrepps

A-Lestrarfélag Hríseyjarhrepps

1958 - 1981

A	1	1	1958 - 1978	Lánþegar; höfundaskýrslur; bókakaup; bókaþjálfi; útlán; meðlimskrár
A	1	2	1966 - 1968	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	3	1969 - 1969	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	4	1970 - 1970	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	5	1971 - 1971	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	6	1972 - 1972	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	7	1973 - 1973	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	8	1974 - 1974	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	9	1974 - 1975	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	10	1975 - 1976	Yfirlitsskýrslur ásamt afritum og fylgiskjölum
A	1	11	1967 - 1971	Útlánabók
A	1	12	1975 - 1976	Útlánabók
A	1	13	1981 - 1981	Útlánabók
A	1	14	1969 - 1976	Bréf, innkomin og send
A	1	15	1973 - 1977	Aðfangabók